



Kennsluáætlun fyrir haustönn 2025

Námsgrein: Samfélags- og náttúrugreinar

Árgangar: 1. – 4. bekkur

Kennarar: Arna Guðbjörg Matthíasdóttir arnam@klaustur.is

María Ösp Árnadóttir maria@klaustur.is

Þorbjörg Erla Jensdóttir thorbjorg@klaustur.is

Almennt:

Samfélagsgreinar fjalla um nemendurna sjálfa sem einstaklinga og hluta af samfélagi. Þær eru grunnur þess að nemendur læri sjálfsþekkingu, jafnrétti og mannréttindi. Mikilvægi og tilgangur reglna og gilda í lýðræðislegu samfélagi og áhrif einstaklings á bæði eigið líf en einnig samfélagið. Samfélagsgreinar koma einnig inn á nám um sögulega atburði, líf á jörðu, umhverfisáskoranir, samhliða því að efla skilning nemenda á frelsi, vináttu, virðingu og mannréttindum.

Nám í náttúruvísindum skal byggja upp þekkingu, virðingu, ábyrgð sem byggir m.a. á einstakri upplifun nemenda gagnvart náttúru, tækni, samfélagi og umhverfi. Þannig öðlast nemendur þá hæfni sem til þarf til að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum er varða samspil fólks og náttúru. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að veita umhverfi sínu gaum, bera umhyggju fyrir því og að greina aðstæður hverju sinni. Íslensk náttúra og sérstaða hennar felur í sér margbreytileg námstækifæri fyrir nemendur.

Helstu markmið:

Í samfélagsgreinum eru helstu markmið náms og kennslu að efla hæfni nemenda í sjálfsskilning, samskiptum, skilning og skynjun veruleikans, umhverfis, samfélags, sögu og menningu. Virkja á nemendur til þátttöku í samfélaginu, svo þau öðlist hæfni í að tileinka sér reglur og gildi sem þar ríkja. Nemendur eiga að læra að skilja hvað liggur til grundvallar viðhorfa okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Samfélagsgreinar eiga einnig að efla nemendur í ígrundun og samræðu þar sem rökræðum og virkri hlustun er beitt.

Megintilgangur náms og kennslu í náttúrugreinum er að stuðla að því að nemendur átti sig á hvernig best er að beita þekkingu sinni til að hafa áhrif á umhverfi sitt bæta það. Góður skilningur á náttúruvísindum og hlutverki þeirra innan nútímasamfélags telst vera veigamikill þáttur í þroska og menntun barna og unglinga. Hann snýst um að viðhalda og efla forvitni og áhuga þeirra á sjálfum sér, umhverfi sínu og fyrirbærum náttúrunnar. Kennsla í náttúruvísindum fer jöfnum höndum fram innan- og utandyra. Hún miðar að því að nemendur þrói með sér góðan orðaforða og jákvætt viðhorf til námsgreinarinnar og því sé við haldið. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að styrkja verklega færni sína, upplifa og njóta, skoða náttúruna og umhverfið og læra að veita því athygli, afla upplýsinga úr heimildum og athugunum og vinna úr þeim, miðla upplýsingum og treysta á forvitni sína til að þetta takist. Nemendur þurfa að fá þjálfun í og tileinka sér góð vinnubrögð, vinnuaðferðir og að greina skipulega frá niðurstöðum vinnu sinnar.

Hlekkur á aðalnámskrá:

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-24-samfelagsgreinar-2024>

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-22-natturugreinar-2024>

Námsgögn: blöð, litir, málning, efni og garn, sögurammi *Skólinn minn*, Komdu og skoðaðu Hafið, jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum

Tímabil	Verkefni	Kennsluaðferðir	Tenging við lykilhæfni og hæfniviðmið
Ágúst	Bekkjarsáttmáli, skólareglur, samskipti.	Umræður Þankahríð Bekkjarfundir Vettvangsferðir Verkefnavinna Samvinna og hópastarf	sett sig í spor jafnaldra og fjölskyldumeðlima. áttað sig á mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig. sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu og sagt frá því hvernig það er hægt. sýnt þekkingu á reglum í samskiptum og útskýrt tilgang þeirra. rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra og tekið þátt í samfélagsmálum.
September	• Útikennsla • Umferðarreglur • Haustferð • Dagur íslenskrar náttúru • leiklist • Sögurammi: Skólinn minn	Paravinna Söguaðferðin Leiklist í kennslustofunni Leikir Lestur Upplýsingaöflun	gert sér grein fyrir nokkrum einkennum veðurfars í nærumhverfi. gengið vel um umhverfið og átti sig á mikilvægi þess. gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í umgengni um og vernd náttúrunnar. varast hættur á heimili sínu, í umferðinni og nærumhverfi. sagt frá umferðarreglum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og farið eftir þeim. Spurt spurninga og tekið þátt í umræðu um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni. miðlað þekkingu sinni og skoðunum tengdum samfélaginu.
Október	• Sögurammi skólinn minn • Hvað býr í hafinu?		tekið þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi og innan fjölskyldunnar. áttað sig á að hver einstaklingur er hluti af stærra samfélagi.
Nóvember	• Hvað býr í hafinu?		lesið einfaldan náttúruvísindatexta og endursagt helstu atriði með eigin

Desember	Jólavinna: • íslensku jólasveinarnir eftir Jóhannes úr Kötlum • Kristin trú og jólin	orðum, skoðað einfaldar myndir og sagt frá efninu. nefnt dæmi um samspil lífvera og lífvana þátta. gert sér grein fyrir fjölbreytni innan tegunda og milli tegunda. sagt frá og áttað sig á náttúruvernd í nærumhverfi sínu. tekið þátt í umræðu um hvernig maðurinn nýtir náttúruna. sagt frá eigin upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi. rætt um helstu einkenni lífvera og lífsskilyrði þeirra. lýst helstu einkennum valinna dýra. áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum. nefnt dæmi um sögu og einkenni Íslands.
----------	--	---

Námsmat:

Virgni og þátttaka í kennslustundum
Frágangur og vinna
Samstarf með öðrum nemendum
Skilningur á viðfangsefni

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.